



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu, miðvikudaginn 26.04.2017, kl. 17:30

Mættir: Sigurður Bjarnason, Þorsteinn Þorbergsson, Kristján B. Thorlacius, Ásta Kristjánsdóttir, Þorsteinn Júlíus Árnason, Sigríður Dís Guðjónsdóttir. Einnig sat fundinn Ása Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundagerðina.

Forfallaðir: Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir.

Fundagerð:

Formaður, Sigurður Bjarnason, setti fundinn og stýrði

1. Samþykkt á fundagerð síðasta stjórnarfundar
Niðurstaða: fundagerð samþykkt

2. Fjárhagsstaða mfl félagsins og áætlanagerð
Framkvæmdastjóri fór yfir fjárhagstöðu meistaraflokka félagsins fyrstu 3 mánuði ársins. Áætlanagerð deildanna stendur nú yfir og er ljóst að skera þarf niður kostnað í mörgum flokkum til að ná viðsnúningi í hallarekstri þeirra flokkanna.
Niðurstaða: Rekstur meistaraflokks kvenna í knattspyrnu og meistaraflokka í körfubolta eru sérstakt áhyggjuefni og vill stjórn færa til bóka fyrrum ákvæði sem framkvæmdastjóri hefur sent forsvarsmönnum þessara flokka, að þeim sé ekki heimilt að stofna til frekari fjárskuldbindinga í nafni félagsins um óákveðin tíma. Stjórn veitir framkvæmdastjóra fulla heimild til að fylgja eftir framangreindri bókun.

3. Lausafjárstaða félagsins
Framkvæmdastjóri óskaði eftir hækkun á yfirdráttahæð vegna hallareksturs deilda sem hefur gert lausafjástöðu félagsins erfiða.
Niðurstaða: Heimild var veitt og samþykkt einróma.

4. Aðalfundur UMF Stjörnunnar 2016

A. Lagabreyting:

Framkvæmdastjóri lagði til lagabreytingu á 14. grein laga félagsins. Breytingin er merkt með rauðum texta hér fyrir neðan og lítur að því að breyta kostningu stjórnarmanna úr einu ári í tveggja ára stjórnasetu.

14. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 15. maí ár hvert. Til aðalfundar skal boðað með minnst viku fyrirvara í almennri auglýsingu í Garðabæ. Aðalfundur telst löglegur, sé löglega til hans boðað.

Kosningarétt og kjörgengi á aðalfundi hafa allir skuldausir félagsmenn er náð hafa 16 ára aldri.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

- 1) Fundur settur.
- 2) Kosinn fundarstjóri og fundarritari.



- 3) Flutt skýrsla aðalstjórnar og einstakra deilda frá síðasta ári.
- 4) Lagðir fram endurskoðaðir reikningar aðalstjórnar og einstakra deilda félagsins, ásamt heildarreikningi fyrir allt félagið.
- 5) Umræða og atkvæðagreiðsla um skýrslu aðalstjórnar, deilda og reikninga.
- 6) Lagabreytingar.
- 7) Kjör aðalstjórnar.
 - formaður til **tveggja ára**
 - stjórnarmenn til **tveggja ára**
 - varastjórnarmenn til **tveggja ára**
 - endurskoðendur til eins árs
 - varaendurskoðendur til eins árs

Á hverjum aðalfundi skal kjósa tvo stjórnarmenn og einn varamann. Formaður er kosinn annað hvert ár.

Ákvæði til bráðabirgða

Á aðalfundi félagsins árið 2018 skal kjósa formann, tvo stjórnarmenn og einn varamann til tveggja ára og tvo stjórnarmenn og einn varamann til eins árs.

Niðurstaða: lagabreytingin var samþykkt einróma.

B. Endurskoðun reikninga:

Stjórn mælir með að Eymundur Sveinn Einarsson verði tilnefndur sem næsti endurskoðandi félagsins á aðalstjórnarfundi félagsins.

C. Viðurkenningar:

Farið var yfir tilnefningar til heiðursviðurkenninga félagsins. Tilnefningar komu bæði frá stjórnnum deildanna og aðalstjórn félagsins.

5. Önnur mál

Skilamál

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu skiltamál og hvar þau standa í vinnuferli hjá Garðabæ.

Málefni Snorra Páls

Aðalstjórn tók aftur fyrir erindi lögmanns Snorra Páls að ósk lögmannsins. Málinu var vísað til áframhaldandi úrvinnslu hjá knattspyrnudeild í febrúar og stendur aðalstjórn ennþá við þá ákvörðun og vísar lögmanni að hafa samskipti við forsvarsmenn deildarinnar.

fundur var slitið kl. 20:00, Ritað Álf